

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1097

Dagsetning: 20. janúar 2026 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Helgi Þorsteinsson (HP), Íris Dögg Harðardóttir (ÍDH), Ketill Berg Magnússon (KBM), Nanna Sigríður Kristinsdóttir (NSK), Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir (RÖE), Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM) og Brjánn Jónasson (BJ), sem ritaði fundargerð.

Efni fundarins

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 13. janúar 2026 var tekin til umræðu og samþykkt samhljóða.

2. Fundir vikunnar

Umræður um fundi vikunnar hjá framkvæmdastjórn.

3. Heilsugæslan Firði

Rætt var um tímabundna lokun Heilsugæslunnar Fjarðar á meðan lyftan verður endurnýjuð og hvar starfseminni verður fyrir komið á meðan. Hefja á framkvæmdir 9. apríl og þá þarf starfsemin að vera flutt.

4. Símsvörun á skrifstofu

Niðurstöður á greiningu á símtölum á skrifstofu eftir hádegi voru kynntar. Samþykkt var að gera lítilsháttar breytingar á símsvara og símaþjónustu en að síminn verði áfram opinn.

5. Skipuritsbreytingar á GMB

Umræður um breytingar á skipulagi Geðheilsumiðstöðvar barna og stjórnendateymi miðstöðvarinnar, tengt breytingum á skipuriti Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Ákveðið var að vinna málið áfram og funda sérstaklega um málið.

6. Vörumerkjakönnun

Rætt var um boð um kaup á vörumerkjakönnun Gallup fyrir HH. Vinna er í gangi með að kanna aðrar leiðir til að fá sambærilega mælingu á ímynd og ákveðið að fresta ákvörðun um kaup á könnuninni.

7. Sálfélagsleg þjónusta í Heilsugæslu

Umræður um skipulag sálfélagslegrar þjónustu á heilsugæslustöðvum og samstarf við aðrar stéttir á stöðvunum.

8. Fræðadagur HH

Rætt var um skipulag Fræðadags HH, sem verður haldinn föstudaginn 13. nóvember 2026. Ákveðið var að ræða málið á næsta fundi fagstjóra og óska eftir tilnefningum í undirbúningshóp.

9. Þjónustusamningur vegna vefbókunarkerfis

Umræður um þjónustusamning vegna vefbókunarkerfis. Ákveðið var að senda samningsdrögin á Stafræna heilsu.

10. Fjárhagsáætlun 2026

Rætt var um fjárhagsáætlun HH fyrir árið 2026.

Aðgerðir og verkefni

- Halda þarf áfram undirbúningi við tímabundna lokun Heilsugæslunnar Firði, sjá lið 3.
Ábyrgð: RÓE
- Breyta þarf símsvara skrifstofu og símsvörun eftir hádegi, sjá lið 4.
Ábyrgð: KBM
- Vinna þarf áfram að skipulagsbreytingum á GMB, sjá lið 5.
Ábyrgð: ÍDH
- Skoða þarf áfram kaup á greiningu á ímynd HH, sjá lið 6.
Ábyrgð: KBM, BJ
- Vinna þarf áfram að skipulagi sálfélagslegri þjónustu á heilsugæslustöðvum, sjá lið 7.
Ábyrgð: ÍDH
- Ræða þarf um Fræðadag 2026 á fundi fagstjóra, sjá lið 8.
Ábyrgð: RÓE, NSK
- Vinna þarf áfram að vinnu tengt vefbókunarkerfi og senda drög að samningi á Stafræna heilsu, sjá lið 9.
Ábyrgð: HÞ

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 10:10.